

**Fagfjárfestasjóðurinn ORK**

**Árshlutareikningur**

**30.6.2017**



# Efnisyfirlit

## Árshlutareikningur - fagfjárfestastjóðurinn ORK

	Bls.
Skýrsla stjórnar .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3
Rekstrarreikningur tímabilið 1.1.-30.6. 2017 .....	4
Efnahagsreikningur 30. júní 2017 .....	5
Yfirlit um breytingu á hreinni eign tímabilið 1.1.-30.6. 2017 .....	6
Skýringar .....	7 - 10

### Stjórn Fagfjárfestastjóðsins ORK

Kristján Einarsson, stjórnarformaður  
Anna Bjarney Sigurðardóttir  
Ólöf Jónsdóttir

### Framkvæmdastjóri

Þórólfur Sigurðsson

### Kjörinn endurskoðandi

Baker Tilly Rýni  
Rýni endurskoðun ehf  
Gunnar Þór Ásgeirsson

## Skýrsla stjórnar

Fagfjárfestastjóðurinn ORK er fagfjárfestastjóður í rekstri Rekstrarfélags Virðingar hf.


Árshlutareikningur sjóðsins er hluti af árshlutareikningi Rekstrarfélags Virðingar hf. sem inniheldur árshlutareikning félagsins ásamt árshlutareikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestastjóða Rekstrarfélags Virðingar hf. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árshlutareikningar annara sjóða Rekstrarfélags Virðingar. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Breyting á hreinni eign sjóðsins nam 18 þúsundum króna á tímabilinu. Hrein eign sjóðsins í lok tímabilsins nam 760 þúsundum króna samkvæmt efnahagsreikningi.


Stjórn Fagfjárfestastjóðsins ORK og framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Virðingar hf. staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1.1.-30.6.2017 með undirritun sinni.

Reykjavík, 24. ágúst 2017

Stjórn:

  
Arun Bránn Sigurdsson  
ORK Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri



# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa Fagfjárfestisjóðsins ORK.

### Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi árs hlutareikning Fagfjárfestisjóðsins ORK fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2017. Árs hlutareikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á hreinni eign, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

### Umfang könnunar


Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum sjóðsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

### Niðurstaða

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi árs hlutareikningur gefi glögga mynd af sjóðnum á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2017 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 24. ágúst 2017

**Baker Tilly Rými**

  
Gunnar Þór Asgeirsson  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur tímabilsins 1.1. - 30.6.2017

	Skýr.	1.1. - 30.6.2017	1.1. - 30.6.2016
<b>Fjármunatekjur</b>			
Vaxtatekjur og verðbætur .....		167.925.562	179.862.937
Vaxtagjöld og gangvirkisbreytingar skulda .....		(158.057.914)	(173.046.090)
		<u>9.867.648</u>	<u>6.816.847</u>
<b>Hreinar fjármunatekjur</b>			
<b>Rekstrargjöld</b>			
Umsýsluþóknun .....		5.000.000	5.000.000
Annar rekstrarkostnaður .....		4.849.114	1.799.195
		<u>9.849.114</u>	<u>6.799.195</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
<b>Afkoma tímabilsins færð á hlutdeildarskirteini</b>		<u>18.534</u>	<u>17.652</u>

## Efnahagsreikningur 30.6.2017

Eignir	Skýr.	30.06.2017	31.12.2016
<b>Fjárfestingar:</b>			
Verðbréf með föstum tekjum .....	4	6.947.884.733	5.494.788.724
Sjóðir .....		0	193.448.522
<b>Verðbréf</b>		<u>6.947.884.733</u>	<u>5.688.237.246</u>
<b>Kröfur:</b>			
Aðrar kröfur .....		66.750	0
<b>Kröfur</b>		<u>66.750</u>	<u>0</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Sjóðir og bankainnstæður .....		189.515.841	257.600
<b>Aðrar eignir</b>		<u>189.515.841</u>	<u>257.600</u>
<b>Eignir alls</b>		<u>7.137.467.324</u>	<u>5.688.494.846</u>
<b>Hlutdeildarskírteini og skuldir</b>			
Hlutdeildarskírteini .....		759.895	741.361
<b>Hlutdeildarskírteini alls</b>		<u>759.895</u>	<u>741.361</u>
Skuldabréfaútgáfa .....		4.735.690.717	4.579.436.201
Fjárskuldir metnar á gangvirði .....		2.392.069.329	1.104.903.451
Ýmsar skammtímaskuldir .....		8.947.383	3.413.833
<b>Aðrar skuldir alls</b>		<u>7.136.707.429</u>	<u>5.687.753.485</u>
<b>Skuldir alls</b>		<u>7.137.467.324</u>	<u>5.688.494.846</u>

## Yfirlit um sjóðstreymi tímabilsins 1.1. - 30.6.2017

	Skýr.	1.1. - 30.6.2017	1.1. - 30.6.2016
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Afkoma tímabilsins færð á hlutdeildarskirteini .....		18.534	17.652
<b>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:</b>			
Áfallnar vaxtatekjur .....		(1.453.288.042)	(137.315.487)
Áfallin vaxtagjöld, verðbætur og gangvirðisbr. ....		1.443.420.393	135.281.094
		<u>(9.849.115)</u>	<u>(2.016.741)</u>
<b>Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:</b>			
Skammtímakröfur; lækkun (hækkun) .....		(66.750)	0
Skammtímaskuldir; hækkun (lækkun) .....		5.533.550	2.138.041
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>5.466.800</u>	<u>2.138.041</u>
		<u>(4.382.314)</u>	<u>121.301</u>
<b>Handbært fé frá (til) rekstri</b>			
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Seld verðbréf umfram keypt .....		193.640.555	(2.988.297)
		<u>193.640.555</u>	<u>(2.988.297)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>			
		189.258.241	(2.866.996)
Handbært fé í ársbyrjun .....		257.600	3.616.297
<b>Handbært fé í lok tímabilsins .....</b>		<u>189.515.841</u>	<u>749.301</u>

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Fagfjárfestastjóðurinn ORK er fagfjárfestastjóður í rekstri Rekstrarfélags Virðingar hf.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningur Fagfjárfestastjóðsins ORK tímabilið janúar - júní 2017 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða útgefnar af Fjármálaeftirlitinu.

Árshlutareikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að verðbréf eru skráð á markaðsvirði.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sjóðsins.

### Mat og ákvarðanir

Í samræmi við lög um ársreikninga ber stjórnendum við gerð ársreiknings að meta, draga ályktanir og taka ákvarðanir sem hafa áhrif á eignir, skuldir, tekjur og gjöld á reikningsskiladegi. Það sama gildir um upplýsingar í skýringum árshlutareiknings. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru færðir í rekstrarreikning á því tímabili sem þeir falla til miðað við virka vexti. Meðal fjármagnsliða eru afföll, yfirverð og annar mismunur sem kann að vera á upphaflegu bókfærðu verði fjármálagerninga og fjárhæða á gjalddaga miðað við virka vexti.

Virkir vextir eru ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaða sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætlað samstæðan sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerninga en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni.

### Arður

Arður er færður þegar krafa um hann myndast.

### Gengismunur

Gengismunur er óinnleystur hagnaður eða tap af fjárfestingareignum. Matsbreytingar fjárfestingareigna sem og gengismunur erlendra mynta er færður í rekstrarreikningi þegar krafa um hann myndast.

### Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

### Umsýslubóknunir

Sjóðurinn greiðir Rekstrarfélagi Virðingar hf. umsýslubóknun sem ætlað er að stand undir rekstrarkostnaði og umsýslu vegna þeirra. Umsýslubóknun er tilgreind sérstaklega í reglum sjóðsins.

### Lotun gjalda

Útgjöld eru færð á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

# Skýringar

---

## Skattamál

Verðbréfasjóðir, fjárfestingarsjóðir og fagfjárfestingsjóðir greiða ekki tekjuskatt heldur er hagnaður af rekstri þeirra skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Fínstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfunum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum telst til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðirnir eru undanþegnir fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skulu skattleggjast hér á landi.

## Fjárfestingarverðbréf

Fjármálagæringar sem skráðir eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metnir á markaðsverði í lok júní 2017. Virði annarra fjármálagæringa er háð mati rekstrarfélags að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni. Við mat á þessum eignum er reiknuð niðurfærsla sem tekur mið af almennri áhættu, áætluðu endurheimtuhlutfalli og aðstæðum á markaði í lok tímabilsins.

Hlutabréf sem skráð eru á skipulögðum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði í lok júní 2017. Óskráð hlutabréf eru færð á síðasta þekkta viðskiptaverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

Hlutdeildarskírteini í verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum eru metin samkvæmt skráðu kaupgengi sem gildi í lok júní 2017.

Bundin innlán hjá lánastofnunum eru uppfærð með áföllnum vöxtum, verðbótum og gegnismun í lok júní 2017.

Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum eru metin samkvæmt kaupgengi í tímabilsins.

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild.

## Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis.

## Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru metnar á nafnverði að frádregnum greiddum afbörgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til lækkunar langtímaskulda í ársreikningi og er innleystur í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

## Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

## Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

Fjárskuldir eru metnar á gangvirði eða nafnvirði eftir því sem við á. Innleystur og óinnleystur hagnaður og tap af þessum eignum er færður í rekstrarreikning undir liðinn vaxtagjöld og gangvirðisbreytingar skulda.

Gangvirði fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagæringa við útreikning á gangvirði þeirra.

## Skýringar

### 3. Hlutdeildarskirteini

<b>Nafnávöxtun sjóðsdeilda Rekstrarfélags Virðingar hf.:</b>	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði
Fagfjárfestasjóðurinn ORK .....	1,25%	2,50%	5,00%
<b>Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskirteina:</b>		<b>Bókfært verð</b>	<b>Bókfært verð</b>
		30.6.2017	31.12.2016
Fagfjárfestasjóðurinn ORK .....		759.895	741.361
<b>Yfirlit um hlutfallslega skiptingu eigna einstakra sjóðsdeilda og fjárfestingarstefnu:</b>			<b>30.6.2017</b>
Fagfjárfestasjóðurinn ORK .....			100,00%
<b>Sundurliðun fjárfestinga sjóðsins:</b>			
<i>Fagfjárfestasjóðurinn ORK</i>			<b>30.6.2017</b>
Verðbréf, önnur en peningamarkaðsskjöl .....			6.947.884.733
Hlutfall .....			100,00%
<b>Hlutfall skammtímalána</b>			
<i>Skammtímalán sem hlutfall eigna sjóðsins greinist þannig</i>			<b>30.6.2017</b>
Heildareignir .....			7.137.467.324
Ýmsar skammtífnaskuldir .....			8.947.383
Hlutfall .....			0,13%
<b>Fagfjárfestasjóðurinn ORK</b>			<b>Markaðsverð</b>
Skuldabréf Magma Energy .....			6.947.884.733
Skuldabréfaútgáfa FORK 17 09 01 .....			(4.735.690.717)
Seljendalán Reykjanesbær .....			(2.392.069.329)
Aðrar eignir og skuldir .....			(8.880.633)
Handbært fé .....			189.515.841
Hlutdeildarskirteini samtals.....			<u>759.895</u>

## Skýringar

### 4. Sundurliðun vegna Magma skuldabréfs

	30.6.2017	31.12.2016
Höfuðstóll Magma .....	6.289.942.651	6.289.942.651
Vaxtaviðbót við höfuðstól .....	223.817.126	223.817.126
Höfuðstóll við kaup .....	6.513.759.777	6.513.759.777
Verðbætur skv. álverðsvísitölu .....	889.142.909	420.292.797
Verðbættur höfuðstóll .....	7.402.902.686	6.699.817.613
Áfallnir vextir .....	358.835.144	161.794.560
Höfuðstóll m/áfallnum vöxtum og verðbótum .....	7.761.737.830	7.095.847.134
Niðurfærsla .....	(813.893.097)	(1.601.058.410)
<b>Samtals bókfærð staða í lok tímabilsins .....</b>	<b>6.947.844.733</b>	<b>5.494.788.724</b>

Skömmu fyrir gjalddaga skuldabréfs Magma Energy Sweden AB, sem var 16. júlí 2017, tilkynnti útgefandi að hann myndi ekki greiða útistandandi fjárhæðir samkvæmt skuldabréfinu og í kjölfarið var gert samkomulag milli útgefanda og sjóðsins um að hlutabréf í HS Orku hf., samtals 996.821.339 hlutir, sem handveðsettir voru til tryggingar efndum skuldabréfsins, yrðu yfirtekin af sjóðnum, til samræmis við skilmála skuldabréfsins. Var miðað við að hinir veðsettu hlutir væru yfirteknir á genginu 6,97 fyrir hvern hlut, en sjóðurinn er eðli máls samkvæmt óbundinn af því gengi sem lagt er til grundvallar við yfirtöku hluta í HS Orku hf. verði hlutunum ráðstafað síðar, hvort sem er með sölu eða öðrum hætti.

Stjórn HS Orku hf. hefur verið tilkynnt um eigendaskipti að hlutunum, en stjórn félagsins hefur forkaupsrétt að fölum hlutum samkvæmt samþykktum félagsins og að félaginu frágengnu hafa hluthafar HS Orku hf. forkaupsrétt í hlutfalli við hlutafjareign sína. Forkaupsréttarhafar hafa tveggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu stjórnar um yfirtökuna. Samkvæmt samkomulaginu fellur Magma Energy Sweden AB frá forkaupsrétti sínum, auk þess sem í samkomulaginu er kveðið á um skuldbindingu þess efnis að stjórnarmenn í HS Orku hf. sem tilnefndir eru af Magma Energy Sweden AB munu ekki greiða atkvæði með nýtingu forkaupsréttarins fyrir félagsins hönd. Ekki liggur fyrir hvort Jarðvarmi slhf. muni nýta sér forkaupsréttinn.

Eftir yfirtöku á hinum veðsettu hlutum á sjóðurinn engar frekari kröfur á hendur Magma Energy Sweden AB, til samræmis við skilmála skuldabréfsins, og nýti Jarðvarmi slhf. ekki forkaupsrétt sinn til yfirtekinna hluta á því verði sem þeir eru yfirteknir, þ.e. á genginu 6,97 fyrir hvern hlut, verður stærsta eign sjóðsins áðurgreindir 996.821.339 hlutir, útgefnir af HS Orku hf., í stað skuldabréfs, útgefið af Magma Energy Sweden AB, áður.